



Lokað vegna sumarleyfa

Skrifstofa Svalbarðsstrandarhrepps verður lokað vegna sumarleyfa frá og með 16. júlí til og með 31. júlí. Opið verður á hefðbundnum opnunartíma frá og með 4. ágúst.

Bókasafnið verður eftir sem áður opið á mánudögum kl. 17-19 nema á frídegi verslunarmanna 3. ágúst n.k.

Björn Ingason umsjónarmaður fasteigna og vinnuskóla er í vinnu og má hafa samband við hann í síma 862-3104.

Ef nauðsyn ber til má hafa samband við sveitarstjóra, Eirík H. Hauksson í síma 894-4776.

Sundlaug

Frá og með 21. júlí breytist opnunartími sundlaugar sem hér segir:

Sunnudaga - fimmtudaga kl. 13-19

Föstudaga - laugardaga lokað

Gjaldskrá:

Aðgangur á opnunartíma. Engin gjaldtaka.

Sundlaugarvörður: Haraldur Gunnþórsson. Sími: 867-6617.

Aðgangsreglur:

Börn yngri en 10 ára þurfa að vera í fylgd með syndum einstaklingi, 15 ára eða eldri. Miðað er við afmælisdag barns. Hver fullorðinn má hafa með sér tvö börn, nema ef um foreldri/forráðamann sé að ræða, þá má hafa fleiri. Sjá nánar í reglugerð um hollusthætti á sund- og baðstöðum nr. 814/2010.

Næstu rusladagar

30. júlí - Almennt sorp

6. ágúst - Endurvinnsla

13. ágúst - Almennt sorp

Samrekstur Álfaborgar og Valsárskóla

Á sveitarstjórnarfundum 10. júní var ákveðið að stofna vinnuteymi til að afla upplýsinga um mögulegan samrekstur leikskólans Álfaborg og Valsárskóla. Í vinnuteyminu voru sex aðilar, formaður skólanefndar, sveitarstjóri, skólastjórar Álfaborgar og Valsárskóla, fulltrúar frá foreldrafélagi Álfaborgar og foreldrafélagi Valsárskóla. Vinnuteymið skilaði af sér skýrslu þann 6. júlí og tók sveitarstjórn í framhaldi ákvörðun um að samreka skólana frá og með næsta hausti.

Í skýrslunni koma fram bæði fagleg og efnisleg rök fyrir því að samreka skólana og var ákvörðun sveitarstjórnar byggð á þeirri skýrslu. Einnig var ákveðið að Inga Sigrún Atladóttir verði skólastjóri í Álfaborg og Valsárskóla þegar Ragna Erlingsdóttir lætur af starfi þann 1. september næstkomandi. Fyrst um sinn verða ekki miklar breytingar sjáanlegar á starfsemi skólanna og skipulag skóladagsins mun ekki breytast mikið. Kynningafundir vegna fyrirhugaðs samreksturs eru áætlaðir í ágúst og verða þeir auglýstir þegar nær dregur.

Auglýsing frá Valsárskóla:

Mikilvægar dagsetningar



Fimmtudaginn 13. ágúst klukkan 20:00. Fundur með forráðamönnum barna í leik- og grunnskóla um hugmyndir af frekara samstarfi grun- og leikskóla.

Föstudaginn 21. ágúst klukkan 17:00. Skólaþing í Valsárskóla

Mánudaginn 24. ágúst. Samtöl nemenda, forráðamanna og umsjónarkennara um undirbúning vetrarins, helstu markmið og áherslur.

Þriðjudaginn 25. ágúst. Kennsla hefst í Valsárskóla samkvæmt stundarskrá.

Umsjónakennarar í Valsárskóla næsta vetur:

- 1.-4. bekkur Guðfinna Steingrímsdóttir
- 5.-7. bekkur Anna Louise Júlíusdóttir
- 8.-10. bekkur Helgi Viðar Tryggvason

Skólastjóri

Fjáröflun unglíngadeildar Valsárskóla

Klósettppapír og eldhúsrúllur: 48 WC-rúllur kosta 7.000 kr, 24 WC-rúllur kosta 3.500 kr. og 15 eldhúsrúllur 3.800 kr. Til að panta pappír má hafa samband við Jónu Valdís í síma 848-7214 eða í tölvupósti á netfangið jonav@internet.is.

Leikskólakennari



Ert þú leikskólakennari sem vill taka þátt í skemmtilegu verkefni?

Óskað er eftir áhugasömum leikskólakennara sem tilbúinn er að vinna þróunarstarf í öfluglu samstarfi grunn- og leikskóla. Óskað er eftir leikskólakennara í 100% starf frá og með 10. ágúst 2015.

Vinnutími er frá kl. 8.00-16.00. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við Félag leikskólakennara.

Hæfniskröfur:

- Leyfisbréf sem leikskólakennari skv. 3. gr. laga nr. 87/2008.
- Menntun í leikskólafræðum
- Reynsla af starfi í leikskóla
- Sveigjanleiki, frumkvæði og leiðtogaþæfni
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um.

Leikskólinn Álfaborg er í 12 km. fjarlægð frá Akureyri. Lögð er áhersla á umhyggju og jákvæða snertingu. Staðsetning leikskólans býður upp á fjölbreytta starfsemi í tengslum við umhverfi og samfélag.

Umsóknarfrestur er til 22. júlí 2015. Umsækjendur þurfa að vera tilbúnir að framvísa sakavottorði ef til ráðningar kemur.

Nánari upplýsingar veitir Inga Sigrún Atladóttir skólastjóri á inga.sigrun@svalbardstrond.is eða í síma 859-5005.

Safnasafnið

Ágætu Ströndungar, þann 8. ágúst verður dagskrá í Safnasafninu um Thor Vilhjálmsson skáld og mælskusnilling. Hann hefði orðið 90 ára í mánuðinum ef honum hefði enzt aldur til. Meðal þeirra sem koma fram eru Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur, Þorsteinn frá Hamri ljóðskáld og Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari. Umsjón hefur Harpa Björnsdóttir stjórnarmaður í safninu sem setti upp sýninguna á teikningum Thors í vor. Það er von okkar að við getum sameinast í góðra vina hópi þennan dagspart og notið þess sem listafólkið hefur fram að færa. Með þessari menningardagskrá viljum við þakka fyrir mikilvægan stuðning sem sveitarstjórn, íbúar og velunnarar hafa veitt safninu á undanförunum árum. Dagskráin hefst klukkan tvö síðdegi, veitingar, allir hjartanlega velkomnir.

Kveðja, Níels Hafstein

Pönglabakkamessa og Laufáskirkja 150 ára

Kæra sóknarfólk í Laufásprestakalli!

Framundan eru tvær stórar hátíðir í Laufásprestakalli.

Sú hin fyrri fer fram í Þorgeirsfirði á Pönglabakka þar sem hin árlega sumarmessa verður haldin síðustu helgina í júlí, að þessu sinni 26. júlí kl. 14.00. Skipið Húni mun sigla og fer frá Akureyri kl. 8.00 og frá Grenivík kl. 10.00. Best er að panta ferð á netfangið: steinipje@simnet.is og svo má líka bara mæta um borð. 6000 kr. kostar ferðin og er mikið ævintýri. Landleiðin verður jafnframt fær og hægt að aka að Tindriðastöðum og ganga yfir hálsinn. Gott að fólk gefi sér tíma í það, tekur c.a. klst. að aka og aðra klst. að ganga.

1.-2. ágúst verður afmælishátíðardagskrá í Laufási vegna 150 ára afmælis Laufáskirkju. Laugardaginn 1. ágúst verður dagskrá í Laufáskirkju sem hefst kl. 14.00. Þar mun Björn Ingólfsson fjalla um presta í Laufási, Sr. Bolli Pétur Bollason flytur fáein kvæði eftir Laufásklerka og Petra Björk Pálsdóttir mun sjá um tónlist.

2. ágúst verður svo mikill hátíðisdagur þar sem þess verður minnst að fyrst var messað í Laufáskirkju 30. júlí árið 1865. Það verður gert með guðsþjónustu kl. 14.00 þar sem kirkjukór Laufáss- og Grenivíkursóknar syngur undir stjórn Petru Bjarkar Pálsdóttur og sr. Bolli Pétur Bollason prédikar og þjónar fyrir altari. Að lokinni guðsþjónustu verður messukaffi í Gestastofu og veislutjaldi í boði sóknarinnar og í umsjá kvenfélagsins Hlínar í Grýtubakkahreppi.

Verið öll velkomin til þessara hátíða!!

Litið um öxl

Þessi auglýsing birtist í Stefni í september 1899:

Rauðskjótt hryssa hefur fundizt í heima högum, sem rjettur eigandi má vitja, og borga um leið hirðing og auglýsingu þessa.

Sigluvík 5/8 1899.

Jóhannes Jónatansson.

Stefnir, 15. tbl. (09.09.1899), bls. 60

http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2219849

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 18. ágúst